

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Hinn 29. janúar var hr. André Philippe veitt viðurkenning sem sendiherra Luxembourg á Íslandi.

Hinn 3. marz afhenti hr. Brendan Dillon forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Írlands á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn.

Hinn 10. marz afhenti dr. Manoutchehr Marzban forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íran á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

Hinn 16. marz var frú Agnete Tryggvason veitt viðurkenning til þess að vera vararæðismaður fyrir Danmörku á Ísafirði.

Hinn 2. apríl afhenti hr. Drago Kunc forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra í Júgóslavíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

Hinn 2. apríl afhenti hr. Gennaro de Novellis forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

Hinn 25. júní afhenti hr. Adhemar Montagne forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Perú á Íslandi með aðsetri í London.

Hinn 21. júlí afhenti Baron W. J. G. Gevers forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Hollands á Íslandi með aðsetri í London.

Hinn 21. júlí var hr. Gísla Konráðssyni veitt viðurkenning til þess að vera vararæðismaður fyrir Danmörku á Akureyri.

Hinn 29. júlí var hr. Etienne Harford veitt viðurkenning sem sendiherra Belgíu á Íslandi.

Hinn 3. ágúst var hr. Harald J. Hamar veitt viðurkenning sem ræðismanni fyrir Mexico í Reykjavík.

Hinn 13. ágúst afhenti hr. Roy Herman Hunziker forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sviss á Íslandi með aðsetri í Osló.

Hinn 25. ágúst var hr. Bahng Hee veitt viðurkenning sem sendiherra Kóreu á Íslandi.

Hinn 3. október lét hr. Carl Gustaf Sebastian Edling af störfum sem sendiráðsritari við sendiráð Svía í Reykjavík. Hr. Kurt Ingemar Börjesson Attaché hefur tekið við störfum hans.

Hinn 6. október afhenti hr. Seizo Hinata forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Japans á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

Hinn 15. nóvember var hr. Cahit S. Hayta veitt viðurkenning sem sendiherra Tyrklands á Íslandi.

Hinn 22. nóvember lét hr. Egill Stefánsson af störfum sem ræðismaður Danmerkur á Siglufirði.

Hinn 15. desember var hr. Rogelio Rafael Tristany veitt viðurkenning sem sendiherra Argentínu á Íslandi.

Nr. 272.

SKRÁ

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaði 1971.

	Tbl. nr.
Almenna verkfræðistofan h/f, Reykjavík	34
Anna h/f, Ólafsfirði	19
Arcticmink h/f, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu	8
Atlantshafsverzlunarfélagið h/f, Reykjavík	17
Auðbjörg h/f, Höfðakaupstað, A.-Hún.	11